



182. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 20. jan. 2015 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir (var ekki mætt), Halldóra Íris Magnúsdóttir (fulltrúi nemenda), Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Sigurðsson, Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigþrúður Jónsdóttir, Elín Höskuldsdóttir (fulltrúi foreldra) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar frá 28. okt. sl.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

2. Fréttir af skólastarfinu – Olga Líska

Olga fór yfir nemendatölur þ.e. fjölda nemenda í skólanum sem og hvaðan þau koma. Í máli hennar kom fram að heldur hefur fækkað í skólanum (tæplega 40 nemendur). Hún fór yfir aldursdreifingu nemenda. Einnig minntist hún á breytt fyrirkomulag á greiðslu nemenda á strætógjaldi. Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannamálum þ.e. þeim breytingum sem orðið hafa nú við upphaf annar. Meðal annars kom fram að nýr kennslustjóri hefur verið ráðinn til starfa á Litla Hrauni í stað Inga S Ingasonar. Annað sem kom fram var að nú verður sálfræðingur í 25% starfi ráðinn til einnar annar (tilraun til einnar annar). Olga kynnti hugmyndir SKOH hópsins í tengslum við lífsstílinn á þessari önn. Reynt hefur verið að taka á umgengni nemenda og hefur það skilað árangri. „Starfamessa“ er fyrirhuguð hér í skólanum 19. mars þar sem fulltrúar fyrirtækja úr nágrenninu koma og kynna starfsemi sína þannig að nemendur fái tækifæri til að kynnast því sem er í gangi í fyrirtækjunum. Námsgagnastofnun tilkynnti að skólinn færi í úttekt á vorönn 2015.

3. Vinna við námskrá – staða mála – Olga Líska

Skólameistari kynnti stöðuna eins og hún er í dag. Skoðaðar voru hugmyndir kennara skólans að því hvernig brautir og áfangar ættu að líta út. Umræður urðu um fyrirkomulagið sem og hvernig starfsnámið kæmi inn í námskrána. Allir lausir tímar hjá kennurum eru notaðir til vinnu við námskrána.

4. Fjármál FSu – staðan – Haraldur Eiríksson

Haraldur fjármálastjóri útskýrði fjárhagsstöðu skólans. Það kom fram að staðan er ekki góð. Jón Hjartarson lagði til að skólanefnd sendi frá sér ályktun í tengslum við fjárhagsstöðuna. Skólameistara og formanni skólanefndar var falið að ganga frá ályktuninni og senda út á nefndarmenn.



5. Önnur mál:

A. Breyting á heimavistaraðstöðu frá hausti 2016?

Umræður sköpuðust um heimavist og hvort skólinn ætti að reka áfram heimavist. Meðal annars þyrfti að skoða hver ábyrgð skólans ætti að vera í raun og veru. Skoða þarf hver þörfin er og hvert skuli stefna í framhaldi af því. Óskað var eftir að teknir yrðu saman punktar í tengslum við heimavistina (lista upp) á næsta skólanefndarfund sem hægt væri að vega og meta.

B. „Starfamessa“ – Olga Lía

Sjá lið 2

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur er fyrirhugaður 24. mars kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:07

Fundarritari,